

Mál nr. 147/2015

M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A
og
vátryggingafélagið Y v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.

Árekstur á Bæjarhrauni í Hafnarfirði gegnt húsi nr. 12 þann 30.10.2014.**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 14.4.2015, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 13.5.2015.
3. Bréf Y, dags 4.5.2015.

Málsatvik.

A var ekið norður Bæjarhraun og B var ekið suður sömu götu. Á móts við hús nr. 12 var B beygt til vinstri áleiðis inn á bifreiðastæði austan götunnar í veg fyrir akstursleið A. Varð þá árekstur með bifreiðunum. Bjart var af degi og þurrt færi þegar áreksturinn varð. Hemlaför eftir A mældust 28,6 m löng. Mikið sjáanlegt tjón er sagt hafa orðið á báðum bifreiðum. Leyfilegur hámarkshraði á götunni er 50 km á klst.

Ökumaður A kvaðst hafa ekið á 60 km hraða á klst. og séð B koma úr gagnstæðri átt og stefnuljós hafi logað á henni sem hafi gefið til kynna að henni yrði beygt í veg fyrir sig. Hafi hann gefið „lítillega í“ til að komast fyrr fram hjá B til að valda ekki töfum á umferð. B hafi síðan verið ekið í veg fyrir A og hann ekki náð að bremsa í tæka tíð.

Ökumaður B kvaðst ekki vita hversu hratt hann ók. Hann hafi ætlað að beygja til vinstri við hús nr. 12 og séð A töluvert fyrir framan sig eða til móts við hús nr. 4. Hann hafi því talið sig öruggan að aka inn á bifreiðastæðið, en síðan áttað sig á því þegar nær var komið að það var ekki „nægilegt pláss fyrir bifreiðina“ svo hann hafi ætlað að aka aðeins hægra megin við umrætt stæði. Þá hafi A verið ekið skyndilega á B.

Álit.

Ökumaður B beygði til vinstri í veg aðvífandi bifreið. Jafnvel þótt hann hafi metið aðstæður svo að hann hafi talið sig öruggan að taka beygjuna vegna fjarlægðar í A, verður engu að síður að líta svo á að hann hafi ekki veitt A þann forgang sem honum bar, sbr. 6. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Verður honum því gefin sök á árekstrinum. Ökumaður A viðurkennir að hafa ekið á 60 km hraða á klst. eða nokkuð yfir leyfilegum hámarkshraða. Þá jók hann hraða bifreiðarinnar er hann sá að B myndi verða ekið í veg fyrir hann. Ekki er tæk sú skýring hans að hann hafi aukið hraðann í því skyni að valda ekki töfum á umferð. Þá er mikið tjón sagt hafa orðið á báðum bifreiðum. Í ljósi þessa og hinna löngu hemlafara eftir A verður að telja nægilega í ljós leitt að ökumaður A hafi ekið yfir leyfilegum hámarkshraða og ekki sýnt þá varúð og tillitssemi sem af honum mátti krefjast. Með því braut hann gegn 1. mgr. 4. gr., 1. mgr. 36. gr. og 1. mgr. 37. gr. ufl. Hann á því einnig sök á því hvernig fór. Eftir atvikum öllum þykir rétt að skipta sök þannig að hvor ökumanna beri helming sakar.

Niðurstaða.

Hvor ökumanna skal bera helming sakar.

Reykjavík, 9. júní 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.